

## Ársfundur Nýheima þekkingarseturs 24. mars 2026 kl. 14:00

Þrettándi ársfundur Nýheima þekkingarseturs (NÞ) haldinn þriðjudaginn 24. mars 2026 kl. 14:00. Fundurinn var rafrænn.

Hugrún Harpa forstöðumaður bauð fundargesti velkomna og bar upp tillögu um að Kristín Vala Þrastardóttir stýrði fundi og Hugrún Harpa ritaði fundargerð. Var það samþykkt.

Málefni fundarins:

### I. Opnun fundar

Kristín Vala Þrastardóttir fundarstjóri setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

### II. Skýrsla Stjórnar

Kristín Vala Þrastardóttir flutti skýrslu stjórnar sem rituð var af fráfarandi formanni Lilju Jóhannesdóttur. Kemur þar fram að starf stjórnar var með hefðbundnu sniði á árinu þar sem haldnir voru fjórir stjórnarfundir auk ársfundar. Stjórnarmenn tóku einnig virkan þátt í starfi samstarfshópa um menntun, rannsóknir og nýsköpun. Á árinu var lögð sérstök áhersla á þá hópa sem endurspeglar stoðir nýs samnings setursins við ráðuneyti. Ólíkt fyrri árum vann stjórn ekki að sértækum verkefnum á árinu en undanfarin ár hafði stjórn unnið að endurnýjun stefnumörkunar, stefnuskjölum setursins og endurnýjun samnings við ráðuneyti.

Fram kom í máli formanns að starfsemi setursins sé öflug og þakkaði hún, fyrir hönd stjórnar, starfsfólki setursins fyrir vel unnin störf, elju þeirra og metnað fyrir starfi setursins og samstarfi aðildarstofnana.

### III. Starf setursins árið 2025

Hugrún Harpa forstöðumaður setursins sagði frá starfsemi setursins á árinu, helstu verkefnum og viðfangsefnum. Breytingar urðu á starfsmannahópi setursins í upphafi árs þegar Eva Bjarnadóttir og Eyrún Fríða Árnadóttir hófu störf. Starfsárið var það fyrsta eftir endurnýjun samnings við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið en sá samningur kveður skýrt á um hlutverk og skyldur setursins á sviði rannsókna, háskólanámsþjónustu og nýsköpunar. Einnig var það fyrsta ár verkefnasamnings milli setursins og Sveitarfélagsins Hornafjarðar en þeim samningi fylgdi nýtt hlutverk byggða- og nýsköpunarfulltrúa sveitarfélagsins auk þess sem hann formgerir samstarf um verkefni HeimaHöfn og Hornafjörður, Náttúrulega.

Hugrún greindi frá helstu verkefnum samstarfshópa setursins á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar. Einnig sagði hún frá helstu viðfangsefnum í innlendum samstarfsverkum setursins en HeimaHöfn var þar hvað umfangsmest á árinu. Að lokum sagði Hugrún frá nýju norrænu samstarfi setursins við aðila í Nordfjord í Noregi og Söderhamn í Svíþjóð.

### IV. Ársreikningur 2025

Hugrún Harpa fór yfir ársreikning og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Rekstur setursins á árinu var í góðu jafnvægi og var rekstrarafkoma ársins jákvæð uppá 10,4 kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok nam eigið fé rúmum 33,7 millj. kr. Ársreikningur var samþykktur á fundi stjórnar í mars og hafa stjórnarmenn undirritað hann með rafrænum hætti.

#### V. Breytingar á embættum stjórnar

Á ársfundi 2025 var skipað í embætti til tveggja ára. Ingveldur Sæmundsdóttir stjórnarmaður bar upp tillögu um breytingar á embættum stjórnar. Breytingin kemur til vegna mannbreytinga í stjórn setursins á árinu þegar Lilja Jóhannesdóttir og Steinunn Hödd Harðardóttir létu af stjórnarstörfum. Ný skipan embætta er til eins árs og felur í sér að Þórgunnur Torfadóttir tekur við embætti formanns og Sindri Örn Elvarsson tekur við sem gjaldkeri stjórnar.

#### Embætti voru svo skipuð árið 2025

Formaður: Lilja Jóhannesdóttir

Varaformaður: Ingunn Jónsdóttir

Gjaldkeri: Steinunn Hödd Harðardóttir

Ritari: Kristín Vala Þrastardóttir

#### Tillaga um skipan embætta 26-27:

Formaður: Þórgunnur Torfadóttir

Varaformaður: Ingunn Jónsdóttir

Gjaldkeri: Sindri Örn Elvarsson

Ritari: Kristín Vala Þrastardóttir

Tillaga var samþykkt samhljóða

#### VI. Breytingar á aðildarstofnunum Nýheima þekkingarseturs

Breyting á aðildarstofnunum setursins var kynnt. Breytingin felur í sér að Náttúruverndarstofnun kt: 700924-1570 verði skráð sem aðildarstofnun í stað Vatnajökulspjóðgarðs. Breytingin er gerð vegna samruna Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs, undir hatt Náttúruverndarstofnunar.

#### VII. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

#### Eftir fundinn voru eftirfarandi erindi flutt:

- Hanna Dís Whitehead byggðasafnsvörður sagði frá uppsetningu sýningar um Kvísker í Gömlubúð.
- Charli Brzeski starfsmaður Náttúruverndarstofnunar flutti erindið *Zero-emission UNESCO waterways: a NORA-funded project*.
- Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, starfsmaður Háskólafélags Suðurland kynnti starfsemi félagsins.
- Guðjón Ragnar Jónasson, skólameistari Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu sagði frá vinnu að eflingu iðnnáms við skólann.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 15:30

Kristín Vala Þrastardóttir  
Hugrín Reynis